

ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER
AÐ FRÉTTA?



JÚNÍ 2026

Hvað er menning?

Anna Dagbjört Andrésdóttir

handhafi Menningarverðlauna Þingeyjarsveitar 2026

GESTAPENNINN



Ef slegið er inn í leitarvélar veraldarvefsins spurningunni „*hvað er menning?*“ þá er þar að finna margvísleg svör. Vísindavefurinn svarar þessari spurningu sem svo að menning sé annars vegar siðmenning mannkynsins og hins vegar að hún sé eins konar sameiginlegur arfur ólíkra kynslóða.

Fyrir mér er menning einmitt mjög fjölbreytt. Hún getur verið af listrænum toga á borð við listasýningar, leikhúsferðir og tónleika, eða beint tengd inn í félagslíf fólks með rótgrónum vinasamverum og heimsóknum. Menning getur einnig falist í ferðalögum þar sem eldri kynslóðir leiða þær yngri, hvort sem er í kennslu á örnefnum eða væntumþykju á stórbrotinni náttúru landsins, eða í þeim verðmætum sem fylgja íslenskum hefðum og þeim sem við lærum af erlendu fólki sem hingað flytur. Svona mætti lengi telja því menningu er hægt að finna í hverjum krók og kima samfélagsins.

Í fyrra fór ég af stað með verkefni sem ég kaus að kalla „Maður er manns gaman“. Markmiðið var einfalt: ég vildi auðga félagslíf og samveru íbúa í Þingeyjarsveit með menningarviðburðum, íbúum að kostnaðarlausu. Viðburðirnir voru alls konar og fóru allir fram í félagsheimilinu Skjólbrekku. Þeir voru: Ljósmyndasýning, upptaka af gamalli leiksýningu, krakkabíó, borðspilaviðburður fyrir bæði börn og fullorðna, bókmenntakvöld, salsa danskennsla, ferðasögukvöld sveitunga og söngstund með hljómsveit. Fjölbreyttir viðburðir fyrir ólíka hópa, því menningin er alls staðar.

Viðtökurnar hafa verið stórkostlegar en fyrir „Maður er manns gaman“ hlaut ég til dæmis Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar árið 2026. Viðburðirnir urðu að veruleika vegna þess að fullt af fólki gaf vinnu sína mér til aðstoðar. Þeim vil ég þakka fyrir aðstoðina en líka senda þakki til þeirra sem mættu, þið eru helsta hvatningin til að halda áfram.

“

Ég vildi auðga félagslíf og samveru íbúa í Þingeyjarsveit með menningarviðburðum, íbúum að kostnaðarlausu

Þingeyjarsveit er víðfeðmt sveitarfélag og hættan á félagslegri einangrun er gífurleg. Við sem erum íbúar þessa sveitarfélags getum lagt okkar af mörkum í baráttunni gegn einmana-leikanum með samfélagsanda og drifkraft að vopni. Það þarf bara eina manneskju til að drífa góðar hugmyndir í framkvæmd.



LITIÐ UM ÖXL

gamla myndin

LAX-21-072



Brúin yfir Skjálfandafljót við Fosshól. Ártal vantar.
Sigurjón Egilsson tók myndina

SENDA ÁBENDINGU



GAMLI HLUTURINN

Kista

Kista sem var í eigu Aðalbjargar Jónsdóttur húsfreyju á Mýri frá því um 1903-1940, síðan Kristjönu Jónsdóttur dóttur hennar.

Gefandi: Jón Erlendsson

"Litið um öxl" er fastur liður í fréttabréfinu, þar sem við fáum annars vegar gamla ljósmynd frá Ljósmyndasafni Þingeyinga og hins vegar mynd og upplýsingar um muni í Byggðasafni S-Þingeyinga. Við ljósmyndina vantar oft skráningu á ýmist fólki, staðsetningu, ártal eða tilefni. Glöggir lesendur sem þekkja til eru beðnir um að senda póst á skjalasafn@husmus.is með upplýsingum.



MENNINGARMIÐSTÖÐ
ÞINGEYINGA



Anna Dagbjört ávarpar gesti við hátíðardagskrá 17. júní í Skjólbrekku

Anna Dagbjört hlýtur Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar

Anna Dagbjört Andrésdóttir er handhafi menningarverðlauna Þingeyjarsveitar árið 2026, en verðlaunin voru afhent við hátíðarhöld á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Anna Dagbjört hlaut verðlaunin fyrir menningarverkefnið 'Maður er manns gaman', þar sem hún skipulagði viðburði af fjölbreyttu tagi í Skjólbrekku.

Sem dæmi má nefna spilakvöld, söngstundir, ferðasögur sveitunga, bókmenntakvöld, fjölskyldustundir og svo mætti lengi telja. Það þarf frumkvæði til að standa fyrir viðburðum að þessu tagi, en það þarf einnig drifkraft til að fylgja því eftir, og er Anna Dagbjört vel að viðurkenningunni komin.

**EINNIG VORU
TILNEFND:**

**Skíðafélag
Mývetninga/
Mývetningur**

**Hljómsveitin
Útumallt & Appelsín**

Karлакórinn Hreimur

LESA FRÉTT



Nanna Marteinsdóttir, leikskólastjóri Krílabæjar tekur við handbókinni.



Karen Ósk Kristjánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Yls, og Þorbjörg Guðmundsdóttir

FRÉTTIR

Ný samþykkt skjalahandbók leikskóla Þingeyjarsveitar afhent

Skjalahandbók leikskóla Þingeyjarsveitar var samþykkt af héraðskjalaverði Snorra Guðjóni Sigurðssyni í upphafi júní mánaðar og þar með lauk um eins árs vinnu við skipulag skjalamála leikskólanna.


Skjalafulltrúi Þingeyjarsveitar, Þorbjörg Guðmundsdóttir, sá um verkefnið í samvinnu við Ölfu Kristjánsdóttur, upplýsingafræðing hjá Skipulagi og skjölum ehf og deildarstjóra leikskólanna.

Hluti af lögbundinni skyldu sveitarfélaga, sem bera ábyrgð á rekstri leikskóla, er að tryggja gott skipulag skjalamála og þar með aðgengi að opinberum gögnum sem myndast í starfseminni. Í leikskólunum verða til skjöl sem endurspeglar dýrmætan vitnisburð bæði um yngstu kynslóðina, samfélag samtímans og starfsemi og sögu leikskóla í víðum skilningi. Enn sem komið er skila skólar sveitarfélagsins sínum skjölum á pappír til Héraðsskjalasafns Þingeyinga á 5 ára fresti, 30 ára gömlum og eldri, en stefnt er að því að koma skjalavörslunni á rafrænt form. Þangað til munu leikskólar sveitarfélagsins notast við skjalahandbókina. Grunnskólar Þingeyjarsveitar munu einnig fá samsvarandi handbók sem nú er í vinnslu.



Hanna Berglind Jónsdóttir og Dóra Rún Kristjánsdóttir, deildarstjórar Tjarnaskjól

[LESA FRÉTT](#)



mynd: Kristinn Ingi Pétursson

SUMARLOKUN Á SKRIFSTOFU ÞINGEYJARSVEITAR

Lokum frá og með mánudeginum 13. júlí

Opnað aftur mánudaginn. 27. júlí

Gledilegt sumar!



Fræðsludagskrá landvarða í Mývatnssveit

Á hverjum degi yfir sumartímann fara landverðir í Mývatnssveit með gesti í ókeypis fræðslugöngur. Skemmtileg útivera og fræðsla í kaupbæti! Í sumar er svo einnig boðið upp á fjölskyldustundir í gestastofunni í Gíg.

FJÖLSKYLDUSTUND: Alla daga kl. 15:00 í Gíg

Fræðumst með landverði um náttúruna á skemmtilegan hátt. Smásjá, spil, ratleikur og ef til vill verðlaun!

FRÆDSLUGÖNGUR (daglega, alltaf á sama tíma)

10:00 - Dimmuborgir - Landslag og þjóðsögur

Mæting við inngang borganna.

14:00 - Skútustaðagígar - Sambýli manns og náttúru

Mæting við uppgöngu á Hræðuhver, á norðausturhorni bílastæðis við Gíg.

17:00 - Kálfaströnd - Hraunið, vatnið og lífið

Mæting á bílastæði á Kálfastrandarafleggjara.

Göngurnar taka u.þ.b. 40 mín- klukkutíma, fer eftir því hversu miklar umræður skapast og hversu mörg myndastopp eru tekin!



STÖRF VIÐ HEIMAÞJÓNUSTU Í REYKJADAL, FNJÓSKADAL OG KINN



Félagsleg heimaþjónusta felur í sér margskonar aðstoð við einstaklinga á heimilum sínum sem geta ekki hjálparlaust sinnt daglegum verkefnum vegna öldrunar, veikinda, álags eða fötlunar.

HÆFNISKRÖFUR

- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði, sveigjanleiki og geta til að vinna sjálfstætt
- Áhugi og/eða reynsla af að starfa með öldruðum
- Almenn kunnátta við þrif og önnur heimilisstörf
- Stundvísi, heiðarleiki og góð kunnátta í íslensku
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafa gild ökuréttindi og bíl til umráða

Umsóknarfrestur er ótímabundinn

Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags. Gerð er krafa um hreint sakavottorð.

FYRIRSPURNIR OG UMSÓKNIR UM STARFIÐ:

Hjördís Albertsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs
hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is - 512-1800

Skrifstofa Þingeyjarsveitar er lokuð frá og með 13. júlí til 27. júlí.

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu
fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna
á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@is.is - s: 8953386

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist
rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar
og kemur að jafnaði út vikulega.



Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins [HÉR](#) og fáðu allar
fréttir sendar beint til þín!



FYLGDU
ÞINGEYJARSVEIT Á
INSTAGRAM OG
FACEBOOK



Fréttabréf Þingeyjarsveitar 3. árg. 6. tbl.
Ritstj. og ábyrgðamaður: Margrét Hólm Valsdóttir
Umsjón: Mývatnsstofa - Rakel Hinriksdóttir

Þingey, Þingeyjarsveit
Sími: 512 1800
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is